

Alþingi
Erindi nr. P 137/17
komudagur 27.S. 2009

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 27. maí 2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til I um stofnun ríkis AMC (1. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til beiðni nefndarinnar dags. 22. maí sl. um umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslegra mikilvægra atvinnufyrirtækja.

SFF vísa til fyrri umsagnar um sama mál, umsögn SFF dags. 19. mars við 411. þingmál á 136. löggjafarþingi.

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson

Reykjavík 19. mars 2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l um stofnun ríkis AMC (411. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipu-lagningu þjóðhagslegra mikilvægra atvinnufyrirtækja.

SFF leggjast ekki gegn lögfestingu frumvarpsins, en telja mikilvægt að huga að nokkrum þáttum.

- Mikilvægt er að stofnun slíks ríkisfélags samræmist álit Samkeppniseftirlitsins, nr. 3/2008. Aukin hættu er eðli máls á því að þegar slíkt ríkisfélag tekur yfir atvinnustarfsemi skekki það samkeppnisstöðu þeirra sem fyrir eru í viðkomandi atvinnugrein eða annarra sem hafa hug á að hefja starfsemi á þeim markaði. Víðtæk þátttaka hins opinbera í atvinnurekstri kann einnig að veikja þá eftirlitsaðila sem löggjafinn hefur sett á stofn til að hafa eftirlit með fyrirtækjum.
- Stofnun slíks ríkisfélags felur í sér hættu á mikilli samþjöppun valds, sem er þvert á þann lærdóm sem væntanlega má draga af bankahruninu.
- Hinir þrír nýju bankar í eigu ríkisins hafa hver fyrir sig stofnað eignaumsýslufélög, eitt eða fleiri, til að taka við þeim fyrirtækjum sem bankarnir neyðast til að taka yfir. Ætla má þannig að bankarnir séu vel í stakk búinir til að takast almennt á við þau vandamál sem eru uppi, hver fyrir sig, saman og jafnvel í sumum tilvikum í samstarfi við lífeyrissjóði landsins.
- Það að atvinnustarfsemi sé þjóðhagslega mikilvæg bendir til þess að aðilar muni leita leiða til að stunda hana. Ef til þess kemur að fyrirtæki sem telst þjóðhagslega mikilvægt fer í þrot og bankar og aðrir fjárfestar sjá sér ekki fært að bjarga því, er nærtækast að þjóðnýta það með sérstökum lögum fremur en að opna á þjóðnýtingu með þeim almenna hætti sem frumvarpið ráðgerir.
- Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra setji reglugerð um hvaða félög geti talist þjóðhagslega mikilvæg og þannig fallið undir lögin. Það á að gerast á grunnni tillögu stjórnar ríkisfélagsins eftir að Seðlabankinn og aðilar vinnumarkaðar hafi gefið umsögn til stjórnar um hvaða félög þau telji falla þarna undir. Þarna er löggjafinn að framselja mikið vald og mikilvægt að vandað sé til verka. Ekki kemur fram hvort gert er ráð fyrir að umsagnaraðilar leggi í eitt skipti fyrir öll fram lista um hvaða hérlend fyrirtæki teljast falla þarna undir eða hvort þeir verði spurðir í hvert og eitt sinn. Eðlilegast væri að á vettvangi Alþingis fari fram umræða um hvaða fyrirtæki eigi að falla þarna undir, enda getur of víðtæk beiting slíks ákvæðis haft alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulífið í landinu og komið í veg fyrir nauðsynlega hagræðingu. Gera mætti ráð fyrir að sátt gæti ríkt um að félög á sviði orkuveitu og fjarskipta stöðvist ekki. Meiri vafi hlýtur að leika á fyrirtækjum sem starfa á öðrum sviðum. Ef vilji löggjafans stendur til að hafa uppstillingu frumvarpsins óbreytta hvað þetta varðar, er að lágmarki rétt að tryggja fjármálamarkaðnum (SFF) aðkomu að umsagnarferlinu, því miklu skiptir að umræðan þar mótist ekki einvörðungu af sjónarmiðum um fjölda starfa. Þetta er og á að vera neyðarúrræði.
- Í 7. gr. frumvarpsins kemur fram að stofnfé ríkisfélagsins skuli vera 20 millj. kr. en síðan skuli sérstök nefnd leggja mat á heildarupphæð stofnfjár eða þörf fyrir aukningu þess miðað við áætlað umfang starfseminnar. Í umsögn fjárlagaskrifstofu segir hins vegar að komi til þess að félagið hefji rekstur sé gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði borinn uppi af þeim félögum sem tekin verða inn í það.

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson